

Frá starfsemi
Suðurlandsdeildar
Veiðimálastofnunar
árið 2006

Magnús Jóhannsson

Selfossi, mars 2007

Frá starfsemi Suðurlandsdeildar
Veiðimálastofnunar
árið 2006

Magnús Jóhannsson

Selfossi, mars 2007 VMST/07010

Veiðimálastofnun - Suðurlandsdeild

Austurvegur 1, 800 Selfoss, Sími: 580-6320

Netfang: sudurlandsdeild@veidimal.is

Efnisyfirlit**Bls.**

Inngangur	1
Veiðivötn.....	1
Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár	2
Vatnasvæði Þjórsár	3
Rangárnar	5
Sjóbirtingsrannsóknir á vatnasvæðum Grenlækjar og Skaftár	5
Steinsuga	6
Rannsóknir á flundru í Hlíðarvatni	7
Heiðarvatn -Vatnsá	8
Veiðiskýrslur og önnur verkefni	9
Rita og erindaskrá	9


Inngangur

Á Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar voru starfandi tveir starfsmenn á árinu. Sértekjur deildarinnar urðu 11,7 millj. en voru 14,7 millj árið áður. Útgjöldin urðu 15,2 millj en voru 14,7 millj. árið 2005.

Starfið á deildinni byggir að miklu leiti á þjónusturannsóknum sem unnar eru fyrir veiðifélög og rannsóknum tengdum vatnsaflsvirkjunum sem hafa farið vaxandi. Vinna við umsagnir og umhverfismat ofl. er tengist framkvæmdum og áhrifum þeirra á lífríki áa og vatna er einnig vaxandi þáttur í starfsemi. Samhliða vinnur deildin að nokkrum sértækum rannsóknarverkefnum. Suðurlandsdeild sér um söfnun veiðiskýrsla fyrir Suðurland og vinnslu á hluta þeirra, þar er einkum um að ræða skýrslur yfir veiði í net. Í þessum pistli verður greint frá helstu verkefnum deildarinnar á árinu 2006.

Veiðivötn

Rannsóknum á Veiðivötnum á Landmannaafretti var framhaldið. Umtalsverð stang- og netaveiði er þar stunduð á urriða og bleikju. Miklar upplýsingar eru í aflskýrslum frá Veiðivötnum og eru þær ein af forsendum fyrir skynsamlegri nýtingu á veiðihlunnindunum. Hlutur stangveiðinnar hefur vaxið á síðustu árum og er nú um 80 % urriðaaflans tekinn á stöng. Samkvæmt skýrslum veiddust 20.578 silungar í Veiðivötnum á sl. ári en þetta er næst mesti afli sem þar hefur komið á land en 20.785 silungar veiddust þar árið 2005. Á stöng veiddust 8.540 urriðar, sem er heldur minni veiði en árið á undan en þá veiddust 9.943 urriðar. Í net veiddust 2.284 urriðar en árið 2005 veiddust 2.593. Aukning varð í bleikjuveiði og veiddust samtals 9.745 bleikjur en 8.249 árið áður. Um 83 % bleikjuafans var tekinn á stöng.



Mynd 1. Veiði á urriða og bleikju í Veiðivötnum á Landmannaafretti.


Veiðivötn eru frá náttúrunnar hendi hrein urriðavötn. Bleikju varð fyrst vart í Veiðivötnum í byrjun 8. áratugarins og nú finnst hún í 11 vötnum. Hún er komin úr Tungnaá, af sleppingum í vötn á Skaftártunguafretti. Urriði hefur átt erfitt uppdráttar í vötnum þar sem bleikja er og urriðaveiði minnkað. Til skamms tíma hefur bleikjan þótt dintótt að taka agn og því veiddist hún lítið á stöng en það hefur breyst síðustu ár og nú veiddist orðið meira af bleikju en urriða í Veiðivötnum (mynd 1).

Þar sem tilvera bleikju er viss ógnun fyrir urriðastofna Veiðivatna hefur verið reynt að sporna við fjölgun hennar með netaveiðum. Ekki er vitað hvað veldur fækkun urriða þar sem bleikju er að finna. Ljóst er að tegundirnar eru í samkeppni um fæðu og rými.

Á árinu var ástand fiskstofna í Veiðivötnum metið sem er hluti af vöktun fiskstofnanna. Á grundvelli rannsókna voru gefin ráð um nýtingu og fiskrækt. Náttúrulegri nýliðun hjá urriða er ábótavant í mörgum vatnanna í Veiðivatnaklasanum, einkum þeim stærri. Slepping urriðaseiða í stærri vötnin er að skila góðum árangri og hefur aukið afrakstur þeirra verulega. Rannsóknir og ráðgjöf í Veiðivötnum eru unnar fyrir Veiðifélag Landmannaafreittar.

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár

Megin vatnsföllin Ölfusá og Hvítá eru jökullituð en þverárnar eru bergvatnsár. Samtals er fiskgengi hluti vatnasvæðisins frá sjó nálægt 284 km og eru þá ekki talin með vötn og minni lækir. Seiðabúskapur laxfiska á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár hefur verið vaktaður árlega frá árinu 1985. Lax er víðast hvar ríkjandi tegund, jafnt í jökulvatninu sem þveránum. Þéttleiki laxaseiða hefur verið



Mynd 2. Vísitala þéttleika eins og tveggja ára laxaseiða samkvæmt seiðarannsóknum á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Byggt á athugunum á um 25 stöðum víðs vegar á vatnasvæðinu.

breytilegur á milli ára. Upp úr 1995 varð samdráttur í seiðabúskap laxaseiða (mynd 2) svo á sumum svæðum eru búsvæði laxfiska ekki fullsetin. Laxveiði hefur einnig minnkað. Ástæður minnkandi þéttleika seiða og laxgengdar geta verið ýmsar. Á svæðinu hafa verið endurtekin jökulhlaup sem komið hefur niður á uppeldi í Ölfusá og Hvítá. Rétt er einnig að benda á það að heimtur laxa úr hafi hafa almennt verið lægri en áður og fækkun hefur orðið á stórlaxi í íslenskum ám sem kemur helst niður á ám sem hafa hátt hlutfall stórlaxa eins og þekkt er á vatnasvæðinu. Vísbendingar eru um að lítil laxgengd, sem leiðir til lítillar hrygningar, geti stuðlað að áframhaldandi slökum seiðabúskap. Síðastliðin þrjú sumur hefur orðið nokkur bati í seiðabúskapnum sem gefur vonir um aukna laxgengd á komandi árum (mynd 2). Það er auðvitað háð því að seiði skili sér í eðlilegum mæli úr sjó.

Á síðustu árum hefur nýting laxveiðihlunninda á vatnasvæðinu verið til umræðu. Hefur þar einkum verið rætt um að taka upp stangveiði í stað netaveiði sem víða er stunduð í meginánum Ölfusá og Hvítá. Á sl. ári gerði Stangveiðifélag Reykjavíkur samning við eigendur fjögurra netaveiðijarða um að ekki yrði stunduð þar netaveiði næstu árin. Að jafnaði hafa þessar jarðir veitt um 46 % af þeim netaafla sem á land hefur komið síðustu tíu ár (1996 til 2005). Þessar gjörðir ættu að leiða til minna veiðilags á laxastofna svæðisins sem aftur gæti leitt til betri seiðabúskapar og aukningar í laxgengd síðar meir.

Sértækum rannsóknum á lífríki Sogsins var haldið áfram á sl. ári, en þær hófust sumrið 1997. Þar voru auk könnunar á seiðabúskap gerðar athuganir á fæðudýrum með sérstakri áherslu á bitmý. Seiðabúskapur laxaseiða hefur verið slakur í Sogi undanfárin ár en nokkur bati hefur komið fram síðustu þrjú ár. Umfang hrygningar laxa var metið ofan Álftavatns í Sogi. Helstu hrygningarsvæði laxa í efri hluta Sogs eru við Sakkarhólma, á Bíldsfellsbreiðu og við Hólma. Rannsóknirnar í Sogi voru unnar í samvinnu við rannsóknardeild Veiðimálastofnunar í Reykjavík.

Rannsóknirnar í Sogi eru unnar fyrir Landsvirkjun en aðrar rannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eru unnar fyrir Veiðifélag Árnesinga.

Vatnasvæði Þjórsár

Á vatnasvæði Þjórsár var haldið áfram með rannsóknarverkefni sem hófst árið 2003. Megin markmið rannsókna er að auka þekkingu á göngu laxfiska í og úr sjó í tengslum við fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsá og mögulegra mótvægisáðgerða vegna þeirra.



Mynd 3. Laxaseiði merkt með útvarpsmerki. Seiðin eru skorin upp og merkið sett inn í kviðarholið og saumað fyrir. Merkin senda útvarpsbylgur sem gefur færi á að staðsetja seiðin og nema ferðir þeirra.

Rannsóknirnar eru unnar fyrir Landsvirkjun. Á árinu 2006 var könnuð sjóganga laxaseiða niður Þjórsá. Þar var lögð áhersla á að meta göngutíma, og tengsl göngutíma við umhverfisþætti, s.s. vatnshita og vatnsrennsli. Tilvonandi gönguseiði voru rafveidd að vori í Þjórsá og síðan merkt með útvarpsmerkjum og ferðir þeirra numdar (myndir 3 og 4). Á sama hátt var niðurganga stálpaði sjóbirtings numin. Seiðabúskapur var kannaður með rafveiðum og fiskgöngur upp Búða metnar með fiskteljara. Fullorðinn göngulax og sjóbirtingur var aldursgreindur og leitað eftir merkjum. Auk fyrrgreindra rannsókna hafa frá árinu 1993 árlega farið fram rannsóknir á seiðabúskap á vatnasvæði Þjórsár með sérstakri áherslu á landnám laxa ofan við fossinn Búða í Þjórsá, en þar var gerður fiskvegur árið 1991.

Sú aðferð, sem ekki hafði verið reynd áður, að afla gönguseiða með rafveiði til útvarpsmerkinga gafst vel. Göngutími seiðanna úr Þjórsá var frá miðjum maí til miðs júní, en hámark göngunnar var um mánaðarmótin maí-júní. Aukning í rennsli Þjórsár og hækkun vatnshita örvaði göngur. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefur vísbendingu um að göngutími sjógönguseiða laxa í Þjórsá hefjist við lægri vatnshita en í öðrum ám hér á land, en samkvæmt rannsóknum í íslenskum ám virðist hitastig ráða miklu um upphaf göngutímans. Meginhluti sjóbirtinganna gekk niður um mánaðarmótin maí-júní í kjölfar mikillar rennislisaukningar og aukins vatnshita. Enn á ný endurheimtist útvarpsmerktur sjóbirtingur í Ölfusárósi, en svo var einnig árin 2004 og 2005. Þetta staðfestir enn að sjóbirtingur í Ölfusárósi, sem þar er veiddur í allnokkrum mæli, er að hluta til upprunninn af vatnasvæði Þjórsár.



Mynd 4. Góð búsvæði fyrir laxaseiði í Þjórsá við Murneyri.

Sjálfvirkur fiskteljari taldi 151 lax nettó á ferð upp stigann í Búða, sem er minna en gekk upp árið 2005 en þá gengu 214 laxar upp. Að auki voru taldir 187 silungar (152 árið 2005).

Seiði úr náttúrulegu klaki laxa úr hrygningu haustið 2005 fundust nú ofan Búða og hefur klak áður verið staðfest þar á árunum 1994-2005 að undanskildu árinu 1996. Landnám laxa ofan Búða hefur verið að aukast jafnt og þétt, en urriði er samt enn ríkjandi tegund á svæðinu. Í Þjórsá, neðan

Búða fannst að þessu sinni óvenju mikið af eins árs laxaseiðum. Þéttleiki sumargamalla, og sérstaklega eins árs laxaseiða, jókst á milli ára í Kálfá, annað árið í röð.

Meðallaxveiði á vatnasvæði Þjórsá síðustu 10 árin er 2.317 laxar, 619 urriðar og 70 bleikjur. Um 96 % laxveiðinnar er tekinn í net. Árið 2005 veiddust 4.123 laxar á vatnasvæði Þjórsár og var það

7,5 % af laxveiði á öllu landinu það árið. Þótt endanlegar veiðitölur liggi ekki fyrir virðist laxgengd áfram hafa verið góð í Þjórsá sumarið 2006.

Fyrirhugað er að halda áfram rannsóknum á göngu laxaseiða til sjávar á vatnasvæði Þjórsár. Útvarpsmerki ættu áfram að nýtast áfram vel við þá vinnu.

Rangárnar


Mikil laxveiði var í Rangánum en samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust á sl. ári um 6.700 laxar í Rangánum en árið 2005 veiddust þar 7.212 laxar. Veiði í Rangánum byggir að mestu leyti á endurheimtum laxi úr sleppingum á miklum fjölda gönguseiða sem þar hafa verið stundaðar frá árinu 1990. Lax í Rangánum er nær eingöngu úr sleppingum gönguseiða en þær hófust árið 1987. Vatnsföll á vatnasvæði Rangánna henta illa til náttúrulegs uppeldis á laxi. Óhentug botngerð og lágur vatnshiti eru helstu takmarkandi þættir fyrir uppeldi laxa á svæðinu. Árlega er sleppt um og yfir 500 þús. laxagönguseiðum á vatnasvæði Rangánna.

Suðurlandsdeild sá um uppsetningu Vaka-fiskteljara, í fiskstigum við Árbæjarfoss og Ægissíðufoss í Ytri-Rangá ásamt eftirliti með þeim og úrvinnslu gagna. Samkvæmt teljara við Ægissíðufoss (sem er um 16 km frá sjó) gengu þar upp 5.292 laxar og er þetta mestir fjöldi laxa sem gengið hefur um teljara á einu sumri í íslenskrí á. Um 98% laxanna voru smálaxar. Um teljarann í stiganum við Árbæjarfoss gengu 897 laxar. Laxinn tók að ganga upp Ægissíðufoss í lok júní en mesta gengdin var síðari hluta júlí og í byrjun ágúst. Laxinn var mun seinni upp Árbæjarfoss (23 km frá sjó) og var m.a. mikil fiskgengd upp þar laust fyrir miðjan október. Þá gerði rigningar og hlýtt var í veðri þannig að árhittinn steig eftir svalt tímabil.

Sjóbirtingsrannsóknir á vatnasvæðum Grenlækjar og Skaftár

Urriði (sjóbirtingur) er ríkjandi í ám í Skaftárhreppi. Þar er einnig talsvert af bleikju en lax er fremur sjaldséður. Frá árinu 1995 hafa árlega verið gerðar rannsóknir á sjóbirtingi á vatnasvæði Grenlækjar og Skaftár. Rannsóknir þessar komu í kjölfar úttektar sem Atvinnuámalanefnd Skaftárhrepps lét gera á fiski og veiði í Skaftárhreppi sem fram fór á árunum 1991 til 1993. Markmið sjóbirtingsrannsóknanna hefur verið að kanna lífshætti sjóbirtings og stofnsveiflur og á hvern hátt sjóbirtingsstofnar verði best nýttir með tilliti til viðgangs tegundarinnar og arðsemi veiðanna. Gerðar eru seiðarannsóknir og aldursrannsóknir á göngufiski. Fiskur hefur verið merktur til könnunar á fari og göngum og til að meta veiðiálag vor og haust. Fylgst hefur verið með seiðabúskap á vatnasvæði Skaftár samfellt frá árinu 1986 og í Grenlæk samfellt frá árinu 1995. Í Grenlæk er fiskteljari sem telur og stærðarmælir fisk á göngu á hrygningarstöðvar. Langtímarannsóknir sem þessar gefa kost á að meta stofnsveiflur og hvaða þættir hafa áhrif á þær. Sjóbirtingsrannsóknirnar hafa fengið stuðning ýmissa aðila, ekki síst heimamanna og stangveiðimanna.

Þéttleiki urriðaeiða á vatnasvæði Skaftár hefur verið breytilegur en verið að aukast á síðustu árum (mynd 5). Seiðaástand urriðaseiða í Grenlæk var almenn gott árið 2006. Tölur úr teljara í Grenlæk benda til að sjóbirtingsgengd á hrygningarstöðvar í Grenlæk hafi verið heldur meiri en árið 2005. Nettó sjóbirtingsgengd upp var 1.242, en var 1.177 fiskar árið áður.



Mynd 5. Þéttleiki urriðaseiða á vatnasvæði Skaftár árin 1986 til 2006.

Steinsuga

Á síðastliðnu sumri varð talsvert vart við sár á sjóbirtingum í afla veiðimanna úr ám í Vestur-Skaftafellssýslu. Fiskarnir voru yfirleitt með eitt eða tvö, djúp hringlaga sár á kviði milli eyrugga og kviðugga, en einnig fundust sár framarlega á baki (mynd 6). Hlutfall særðra fiska í afla veiðimanna var allt að 80 %. Sjúkdóma- og vefjarannsókn á Rannsóknadeild fisksjúkdóma að Keldum gaf ekki til kynna að um sýkingu væri að ræða. Fljótlega varð sú tilgáta sett fram að hér væru á ferðinni för eftir sæsteinsugu. Aflað var álits hjá erlendum sérfræðingi í Bandaríkjunum, sem sérhæfir sig í rannsóknum á sæsteinsugum, skoðaði hann myndir af sárum og taldi hann einnig að hér væri um að ræða sár eftir sæsteinsugu (*Petromyzon marinus*). Einna mest kvað að særðum fiskum á vatnasvæði Kúðafljóts en steinsugusár greindust einnig á sjóbirtingum úr Skaftá, Grenlæk, Geirlandsá og Eldvatni.

Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að viðlíka sár höfðu sést á sjóbirtingum í Kúðafljóti, Tungufljóti og Eldvatni allt frá árinu 2004. Veiðimenn við Kúðafljót sögðu tíðni sára hafa vaxið ár frá ári. Fregnir bárust af sárum á fiskum úr ám víðar á landinu en ekki varð staðfest að um steinsugusár væri að ræða. Ekki voru heldur staðfest steinsugusár á öðrum fiski en sjóbirtingi. Sár af völdum sæsteinsugu hafa ekki áður verið greind á laxfiskum hér við land. Steinsugur eru frumstæðir fiskar af flokki hringmunna. Sæsteinsugur hrygna í fersku vatni, ungvíðið lifir í fersku vatni en stærri einstaklingar lifa sníkjulífi á ýmsum tegundum fiska í sjó. Ekki er þekkt hvaða áhrif tilkoma steinsugu hefur á sjóbirtinsstofnana í Skaftafellssýslu en vitað er að sæsteinsuga getur valdið miklum usla í stofnum laxfiska.

Deildin hefur nú í bígerð, fáist til þess fjármagn, að gera frekari rannsóknir á tilvist steinsugu í ám í Skaftárhreppi, þar sem markmiðið væri að fá frekari staðfestingu á að steinsuga sé völd að sárum á sjóbirtingi og einnig að kanna hvort sæsteinsuga hafi numið land í íslenskum ám eða hvort hana sé hér eingöngu að finna í sjó. Veiðimenn geta aðstoðað við slíka rannsókn með því að tilkynna til stofnunarinnar ef sára, eins og hér hefur verið lýst, verður vart á sjögengnum fiski. Mikilvægt er að taka myndir af særðum fiskum og koma þeim til Veiðimálastofnunar ásamt upplýsingum um veiðiá, ásamt lengd og þyngd fisksins.




Mynd 6. Sjóbirtingur úr Kúðafljóti með tvö sár eftir steinsugu.

Rannsóknir á flundru í Hlíðarvatni

Flundra er nýr landnemi á Íslandi, en fyrsta flundran sem greind var hér á landi veiddist í Ölfusárósi í september árið 1999. Síðan hefur flundra veiddst mun víðar og virðist hafa náð hér fótfestu og veiddist nú sem meðafli í silunganet í allnokkrum mæli í ósum sunnanlands. Erlendar athuganir hafa sýnt að flundra lifir í sjó við botn frá fjöruborði niður á um 100 m dýpi, hún hrygnir í sjó en búsvæði hennar eru einnig í ísöltu vatni. Á sumrin heldur flundran sig gjarna í og við árósa og getur gengið upp í ár og læki. Á sl. ári gerði Veiðimálastofnun rannsókn á flundrum úr Hlíðarvatni í Selvogi og gaf hún ýmsar gagnlegar upplýsingar en lítlar rannsóknir hafa farið fram á flundru hér á landi. Flundrurnar voru 15 til 33 cm og 1 til 4 ára. Vöxtur þeirra var mjög góður fyrstu tvö árin en síðan dró úr honum samfara kynþroska. Fæða flundranna var aðallega vatnabobbar og marflær en hornsíli og aðrar fiskleifar voru einnig í allnokkrum mæli í fæðunni (mynd 7). Hvort flundran er í samkeppni um fæðu við bleikjuna í Hlíðarvatni er ekki gott að segja af þeim gögnum sem fyrir liggja. Til þess að meta það þarf viðameiri rannsókn þar sem safnað yrði samhliða sýnum af bleikju og flundru.

Flundra hefur til þessa lítið verið rannsökuð hér á landi og mjög litlar upplýsingar liggja fyrir um vistfræði flundru í íslenskum ósum. Hún er hugsanlega í samkeppni við aðra laxfiska um fæðu og rými. Þá er sá möguleiki fyrir hendi að hún nýti sé aðra laxfiska sem fæðu. Veiðimálastofnun fyrirhugar frekari rannsóknir á útbreiðslu og vistfræði flundru á ósasvæðum hér á landi og mun Suðurlandsdeild taka þátt í þeim.



Mynd 7. Hlutfallslegt rúmmál fæðu flundru úr Hlíðarvatni.

Heiðarvatn-Vatnsá

Á árinu gerði Veiðimálastofnun rannsóknir á Heiðarvatni og ám á vatnasvæði Vatnsár og Kerlingardalsár í Mýrdal (mynd 8). Tilgangur rannsókna var að meta núverandi seiðaástand laxfiska í ánum og helstu lækjum sem í þær renna. Einnig að kanna ástand fiskstofna í Heiðarvatni og



Mynd 8. Unnið við rafveiðar í Vatnsá í Mýrdal.

lækja sem í það renna, en Vatnsá á upptök sín í vatninu. Viðlíka rannsókn var gerð árið 2004 og er stefnt að því að gera þær annað hvert ár. Vatnsá var til skamms tíma sjóbirtingsá. Sleppingar laxaseiða

á 7. til 10. áratugs síðustu aldar virðast hafa valdið því að lax náði þar fótfestu.

Urriðaseiði voru að þessu sinni ríkjandi á öllum athugunarstöðvum í ánum nema einni. Mestur var þéttleiki þeirra í Vatnsá. Seiði á fyrsta ári voru yfirgnæfandi. Seiðaþéttleiki var mun lægri í Kerlingardalsá enda jökulá með miklar sveiflur í rennsli. Laxaseiði fundust á 6 af 8 athugunarstöðvum í Vatnsá, Kerlingardalsá og Skakká en ekki í Heiðará og Þorleifsá sem falla í Heiðarvatn. Þau voru í mun minni þéttleika en urriðaseiði en mest fannst af þeim ofantil í Vatnsá. Hlutdeild laxaseiða í Vatnsá var breytilegt milli stöðva eða frá 22 - 31 % og hafði hækkað frá árinu 2004 þegar það var 9 -18%. Í ám og lækjum sem falla til Heiðarvatns voru urriðaseiði á fyrsta ári nær einráð. Alls veiddust 172 urriðar og 54 bleikjur í 12 rannsóknarnet sem lágu yfir eina nótt í Heiðarvatni. Flestir urriðanna voru undir 40 cm langir en bleikjan var mest á bilinu 24 til 33 cm. Um 25 % urriðanna var af sleppiuppruna. Fæða urriða og bleikju var aðallega vatnabobbar, auk þess sem hornsíli voru mikilvæg hjá urriða og augndíli hjá bleikju. Í rannsókninni greindist allnokkur og aukin sníkjudýrabyrði urriðans í vatninu frá því sem verið hafði árið 2004. Rannsóknirnar voru unnar fyrir Rudolf Lamprecht landeiganda.

Veiðiskýrslur og önnur verkefni

Deildin safnaði sem fyrr neta- og stangveiðiskýrslum ásamt skýrslum um seiðasleppingar í ár og vötn á Suðurlandi. Stöðugt er unnið að því að bæta skráningu á veiði. Fjöldmargir skrá nú veiði sína vel og skila inn skýrslum til stofnunarinnar. Skráning á laxveiði er almennt góð en enn vantar nokkuð á að skráning á silungsveiði sé fullnægjandi. Því miður berast allt of margar skýrslur seint til stofnunarinnar og er þeim tilmælum vinsamlegast beint til veiðiréttareigenda að þeir skili skýrslum strax að loknum veiðitíma. Skráning veiði er mikilvæg við að fylgjast með breytingum á fiskstofnum, sem eru nauðsynlegar upplýsingar svo hægt sé að nýta stofna á sem skynsamlegastan hátt. Veiðiskráning er einnig oftlega notuð til að meta verðmæti veiða hvort sem er vegna bóta á skertum veiðihlunnindum, til útleigu eða til að skipta arði milli veiðiréttareigenda.

Við deildina voru unnar ýmsar umsagnir sem lúta að veiði og vatnalífriki vegna fyrirhugaðra framkvæmda við ár og vötn. Samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði eru framkvæmdir í eða við veiðivatn sem áhrif geta haft á veiði eða vatnalíf háðar leyfi Landbúnaðarstofnunar. Með umsókum um leyfi skal fylgja álit sérfræðings um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki veiðivatns. Unnar voru umsagnir vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Brúará, og nýrrar brúar á Brúará, vegræsagerðar í Flóa, Landeyjum og Fljótshlíð og bakkavarna í Stóru-Laxá.

Á árinu var unnið að skýrslu fyrir Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins þar sem teknar voru saman niðurstöður vatnalífsrannsókna og veiði vegna áforma um Skaftárveitu og virkjun Skaftár. Í verkefni þessu er einnig lagt mat á áhrif Skaftárvirkjunar og Skaftárveitu á vatnalífriki og veiði í ám og vötnum. Skýrsla þessi er enn í vinnslu.

Rita og erindaskrá

Skýrslur

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson og Guðni Guðbergsson, 2006. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 2005. Veiðimálastofnun, VMST-S/06001: 53 bls.

- Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson, Ragnhildur Magnúsdóttir og Jón S. Ólafsson 2006. Fisk- og botndýrarannsóknir í Sogi og þverám þess árið 2005. Veiðimálastofnun, VMST-S/06002: 32 bls.
- Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson, 2006. Aldursrannsóknir, merkingar og endurheimtur urriða úr Öxará. Veiðimálastofnun, VMST-S/06003: 11 bls.
- Magnús Jóhannsson, 2006. Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 2005. Veiðimálastofnun, VMST-S/06004: 10 bls.
- Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2006. Fisk- og botndýrarannsóknir vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Brúará í landi Efstadals. Veiðimálastofnun, VMST-S/06005: 8 bls.
- Magnús Jóhannsson, 2006. Fiskrannsóknir á Hvítárvatni. Samantekt rannsókna Veiðimálastofnunar. Veiðimálastofnun, VMST-S/06006: 7 bls.
- Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson, 2006. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Vatnsár og Kerlingardalsár árið 2006. Veiðimálastofnun, VMST-S/06008: 24 bls.
- Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson, 2006. Fish researches in Vatnsá and Kerlingardalsá watershed in year 2006. Veiðimálastofnun, VMST-S/06009: 24 bls.

Greinar

- Magnús Jóhannsson, 2006. Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 2005. Veiðimálastofnun. Búnaðarsamband Suðurlands. Ársrit 2005, 36. (1): 85-94.
- Magnús Jóhannsson og Þórólfur Antonsson, 2006. Sjöbirtingur í Grenlæk og Leirvogsa. Félagsblað Stangveiðifélags Keflavíkur, 24 (1): 4-7.
- Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2006. Rannsóknir á flundrum úr Hlíðarvatni. Agnið. Fréttabréf Stangveiðifélags Hafnafjarðar, 13 (4): 17-19.

Ýmis erindi

- Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2006. Veiði í Apavatni árið 2005. Aðalfundur Veiðifélags Apavatns, Laugarvatni 29. apríl.
- Magnús Jóhannsson, 2006. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár 2005. Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga, Þingborg 24. apríl.
- Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2006. Fiskrannsóknir í Veiðivötnum árið 2005. Aðalfundur Veiðifélags Landmannafréttar, Brúarlundi 18. maí.
- Magnús Jóhannsson, 2006. Laxagöngur um teljara og árangur gönguseiðasleppinga í Ytri-Rangá. Aðalfundur Veiðifélags Ytri-Rangár 1. maí.
- Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson, 2006. Fiskrannsóknir á Þingvallavatni og aðliggjandi ám. Aðalfundur Veiðifélags Þingvallavatns 4. júlí.
- Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson, 2006. Fiskrannsóknir og veiðinýting á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Ársfundur Veiðimálastofnunar 19. apríl.
- Magnús Jóhannsson, 2006. Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár, fiskrannsóknir og veiðinýting. Fundur Stangveiðifélags Reykjavíkur í Tryggvaskála Selfossi 17. október.
- Magnús Jóhannsson, 2006. Nýting veiðihlunninda í ám og vötnum í Skaftárhreppi. Málþing um veiðihlunnindi í Skaftárhreppi, Kirkjubæjarklaustri 7. desember.
- Magnús Jóhannsson, 2006. Seiðabúskapur í Litlu-Laxá og öðrum ám á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Aðalfundur Litlu-Laxárdeildar Veiðifélags Árnesinga. 20. mars.
- Magnús Jóhannsson, 2006. Net eða stöng, flundra og steinsuga. Aðalfundur Samtaka Veiðifélaga á Suðurlandi, Selfossi 28. nóvember.

Magnús Jóhannsson, 2006. Rannsóknir á laxi í sjó og veiðinýtingu á vatnasvæði Ölfusár- Hvítár.
Fundur Rotaryklúbbs Selfoss 12. desember.

Umsagnir

Magnús Jóhannsson, 2006. Umsögn vegna bakkavarna í Stóru-Laxá.

Magnús Jóhannsson, 2006. Umsögn vegna gerðar veigræsis við bæinn Skipa í Flóa.

Magnús Jóhannsson, 2006. Ræsi í stað brúa á Holtsvegi og Ölvisholtsvegi í Flóa.

Magnús Jóhannsson, 2006. Ný brú yfir Brúará á Biskupstungnabraut.

Benóný Jónsson, 2006. Umsögn vegna gerðar þriggja veigræsa í Rangárþingi Eystra.